



# Ársskýrsla

Sálfræðipjónusta í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Vor- og haustönn 2021

Anna Margrét Hrólfsdóttir

sálfræðingur Verkmenntaskólans á Akureyri

Sálfræðiþjónusta í Verkmenntaskólanum á Akureyri hefur fest sig vel í sessi hjá nemendum skólans, foreldrum og forráðamönnum sem og kennurum. Jóhanna Bergsdóttir lét af störfum sem sálfræðingur VMA eftir þriggja ára starf og Anna Margrét Hrólfsdóttir tók við starfinu í ágúst 2021.

Sálfræðiþjónustan við VMA var með sama sniði og áður en áhersla var lögð á það að veita nemendum ráðgjöf, fræðslu og stuðning í einstaklingsviðtölum. Áfram var miðað við þrjú viðtöl á nemanda. Ef brúa þurfti bil þar til viðkomandi komst í viðeigandi þjónustu var gerð undantekning á þessu og veitt fleiri viðtöl.

Eins og áður þá fór fram fræðsla í lífsleikni á haustönn fyrir alla nýnema. Fræðslan var þó talsvert lengri en áður svo hægt væri að taka fleiri umfjöllunarefni fyrir. Í fyrirlestrunum var lögð áhersla á grunnþarfir og jafnvægi í athöfnum daglegs lífs, hugræna atferlismeðferð, sjálfsskaða, kvíða og depurð/þunglyndi ásamt því að kynna stuttlega þau úrræði sem standa ungu fólki til boða hér á Akureyri. Nemendur tóku vel í fræðsluna og oft sköpuðust góðar umræður.


Aukið samstarf var á milli sálfræðiþjónustu VMA og sálfræðiþjónustu HSN á haustönn 2021. Anna Margrét var í talsverðum samskiptum við starfandi sálfræðinga á HSN og þá einna helst til þess að koma þeim nemendum sem þurftu á frekari sálfræðiþjónustu að halda í viðeigandi þjónustu. Þar að auki var áfram gott samstarf við barna- og unglingsgeðteymi SAK og fóru reglulegir fundir fram.

Margskonar ástæður lágu að baki heimsókna nemenda til sálfræðings, m.a. langvarandi depurð og kvíði, erfiðar heimilisaðstæður, streita, kynferðisofbeldi eða önnur áföll og félagslegur vandi. Algengasti vandi einstaklinga var kvíði og streita. Heilt yfir var þjónustan vel nýtt og var biðtími nemenda eftir viðtali 1 til 2 vikur.


Hér að neðan er samantekt af störfum sálfræðings Verkmenntaskólans á Akureyri vor- og haustönn 2021.

## Einstaklingsviðtöl

Á vorönn 2021 leituðu 78 nemendur sér þjónustu sálfræðingsins, 33 stúlkur (60%) og 22 drengir (40%). Kynjaskiptingu og fjölda má sjá á mynd eitt. Á haustönn 2021 voru nemendurnir sem komu til sálfræðingsins 53 talsins, þar af 35 stúlkur (69%) og 16 drengir (31%). Kynjaskiptingu og fjölda fyrir haustönnina má sjá á mynd 2. Kynjahlutfallið er svipað og síðustu ár, þó má sjá að það eru heldur færri drengir sem leituðu eftir þjónustu nú á haustönn en áður. Svipaður nemendafjöldi er að nýta sér þjónustuna yfir árið og áður.




Mynd 1. Fjöldi nemenda og kyn þeirra sem sóttu þjónustu sálfræðings vor 2021



Mynd 2. Fjöldi nemenda og kyn þeirra sem sóttu þjónustu sálfræðings haustið 2021


Aldursdreifing nemanda á milli anna má sjá á myndum þrjú og fjögur. Þar má sjá að fjölmennasti hópurinn sem er að sækja þjónustu yfir árið eru nemendur fæddir frá 2003-2005.

### Aldursdreifing nemenda - vor 2021



Mynd 3. Aldursdreifing nemenda sem leituðu sér aðstoðar sálfræðings á vorönn 2021


### Aldursdreifing nemenda - haust 2021



Mynd 4. Aldursdreifing nemenda sem leituðu sér aðstoðar sálfræðings á haustönn 2021


Staða námsferils milli anna má sjá á myndum 5 og 6. Á vorönn voru fleiri nýnemar sem leituðu sér aðstoðar ólíkt báðum önnum ársins 2020. Á haustönn 2021 má sjá að fjölmennasti hópurinn sem leitar til sálfræðings eru nemendur á öðru ári eða um 39% en þar á eftir eru það nýnemar.

### Staða í námi - vor 2021




Mynd 5. Staða nemenda í námi sem leituðu sér aðstoðar sálfræðings, vorönn 2021

### Staða í námi - haust 2021




Mynd 6. Staða nemenda í námi sem leituðu sér aðstoðar sálfræðings, haustönn 2021

Lögheimili nemenda má sjá á myndum 7 og 8. Þar má sjá að bæði á vorönn og haustönn var svipað hlutfall nemenda sem sóttu sálfræðiþjónustu með lögheimili á Akureyri og utan Akureyrar.




Mynd 7. Lögheimili nemenda sem sóttu sálfræðiþjónustu á vorönn 2021



Mynd 8. Lögheimili nemenda sem sóttu sálfræðiþjónustu á haustönn 2021


Skipting nemenda á milli brauta eða námsleiða á vor- og haustönn 2021 má sjá á myndum 9 og 10. Þar má sjá að á báðum önnum eru einstaklingar í bóknámi stærsti hópurinn sem er að leita til sálræðings eða um 51%.

### Skipting eftir námsleiðum - vor 2021



Mynd 9. Skipting á milli námsleiða á vorönn 2021


### Skipting eftir námsleiðum - haust 2021



Mynd 10. Skipting á milli námsleiða á haustönn 2021

Mætingar nemenda í bókuð viðtöl á haustönn 2021 má sjá á mynd 11. Upplýsingar um mætingar á vorönn 2021 skortir. Sjá má að töluverður fjöldi bókar viðtalstíma hjá sálfræðing en mætir ekki í fyrsta viðtalstímann sem er breyting frá fyrri önnum. Mögulega má rekja hluta til þess að áminningar hafa ekki alltaf skilað sér til nemenda. Það er fremur jafnt hlutfall nemenda sem mætir í 1-3 viðtöl. Í þeim tilfellum sem 4 og 5 viðtöl voru veitt var það vegna þess að nemendur voru að bíða eftir að komast í önnur úrræði. Ólíkt fyrri önnum var talsvert um skróp, þ.e. nemendur létu ekki vita að þeir ætluðu ekki að nýta tímann.

Fjöldi viðtala - haust 2021





Mynd 11. Fjöldi viðtala á hvern nemanda haustið 2021



Líðan nemenda sem leita sér aðstoðar sálfræðings er misjöfn. Notað var Þunglyndis-, kvíða- og streitukvarðann - DASS (Depression and Anxiety Stress Scale) til að meta líðan nemanda. Kvarðinn er sjálfsmatkvarði sem er ætlað að mæla þunglyndi, kvíða og streitu. Kvarðinn skiptist í þrjá undirþætti og hver þáttur inniheldur 14 atriði. Metið er á fjögurra punkta skala frá 0 – átti alls ekki við mig til 3 – átti mjög vel við mig eða mest allan tímann. Meðaltal þunglyndis, kvíða og streitu samkvæmt sjálfsmatkvarðanum DASS-21 fyrir vor- og haustönn má sjá á myndum 12 og 13.

Á vorönn var meðaltal **þunglyndis** hjá bæði stúlkum og drengjum miðlungs (14-20) en á haustönn 2021 var það alvarlegt hjá báðum kynjum (21-27). Meðaltal **kvíða** hjá stúlkun á vorönn alvarlegur kvíði (15-19) og hjá drengjum var kvíðinn miðlungs (10-14). Á haustönn var meðaltal kvíða hjá stúlkum mjög alvarlegur kvíði (20+) og hjá drengjum var alvarlegur kvíði (15-19). Meðaltal **streitu** hjá stúlkun á vorönn var miðlungs (19-25) og hjá drengjum var það væg streita. Hins vegar var mikil hækkun á streitu hjá báðum kynjum á haustönn en meðaltal stúlkna var alvarleg streita (26-33) og hjá drengjum var það miðlungs streita (19-25). Aukin einkenni þunglyndis, kvíða og streitu eru hjá báðun kynjum milli anna.





### Samantekt

Það er ljóst að mikil þörf er á sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum og mikilvægt að þróa þá þjónustu áfram. Á tímabilinu ágúst 2021 – desember 2021 hafa 131 nemendur komið í viðtöl til sálfræðings innan skólans. Stærstu aldurshóparnir sem leitar til sálfræðings eru einstaklingar fæddir á árunum 2004-2005, þ.e. nýnemar og nemendur á öðru ári. Eins og undanfarin ár eru það nemendur í bóknámi sem eru helst að leita til sálfræðings. Það sem er breyting frá fyrri árum er að stór hluti nemenda bókaði fyrsta viðtal hjá sálfræðingi á haustönn eða 17 nemendur en mæta ekki í fyrsta viðtalið og sálfræðingur nær ekki í þau í kjölfarið. Ástæður fyrir þessari fjölgun eru óljósar. Einnig má sjá talsverðan mun milli anna á einkennum þunglyndis, kvíða og streitu hjá báðum kynjum en tilfinningavandi virðist aukast milli anna hjá nemendum. Ástæður fyrir því eru óljósar en mögulega má rekja einhvern hluta til áhrifa covid-19 á samfélagið.